

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2015

4. tbl. 22. árg.



**PANTAÐU Á  
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



**Sveinsbakari**

Hólagarði og  
Arnarbakka

## Hundraðasta Víðavangshlaup ÍR!



Víðavangshlaup ÍR fer fram í hundraðasta skipti á sumardaginn fyrsta. Af því tilefni ætla ÍR-ingar að blása til stórhátíðar en engin önnur íþróttakeppni hefur farið fram samfellt í svo langan tíma hér á landi. Nánar er fjallað um hlaupið á íþróttasiðunni. Myndin var tekin af fjölmennu víðavangshlaupi félagsins fyrir nokkrum árum.

BLÓMVÖNDUR MÁNADARINS  
2.900KR



**Opið allan  
sólarhringinn**  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka



**Iceland**

- bls. 6

Nýtt veitinga- og kaffihús

Nýr netbanki sem er mótaður  
af viðskiptavinum sínum

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



# ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**  
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

## Vortilboð

Ísfugl  
Kjúklingabringur  
Verð áður 2.974 kr./kg.  
Verð núna 2.398 kr./kg.

Pepsi og Pepsi Max  
2 lítra  
Verð áður 269 kr.  
Verð núna 149 kr.

Lamba Prime  
Verð áður 4.159 kr./kg.  
Verð núna 3.329 kr./kg.

Lamba Lærissneiðar  
Verð áður 2.598 kr./kg.  
Verð núna 1.998 kr./kg.

Kinda Fillé  
Verð áður 3.898 kr./kg.  
Verð núna 2.998 kr./kg.



**Bín verslun**

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

4. tbl. 22. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Mosagróið hverfi

Breiðholtið er orðið mosagróið. Þetta segir Finnbogi Marinósson ljósmyndari í samtali við Breiðholtsblaðið. Finnbogi er alinn upp í Efra Breiðholti á þeim umbrotaárum þegar hverfið var í byggingu. Eftir búsetu erlendis og síðar norður í landi hefur hann farið um sínar gömlu heimaslóðir með myndavélina að vopni og fangað þá upplifun sem við honum blasir á gönguferðum. Eitt af því sem hann veitti athygli er að mosi væri farinn að vaxa. Mosi er lengi að ná sér á strik og því merki um hversu gróið byggðarlagið er orðið. Hugtakið mosagróið er því notað í mjög jákvæðri merkingu að þessu sinni. Þeirri merkingu að þarna sé tákni um að þróast hafi fastmótuð og gróin byggð þar sem eitt sinn voru holt og hæðir lang utan eiginlegra borgarmarka.

## Tilraunaverkefni með hverfisstjóra

Líkt og gróðurinn hefur mannlífið vaxið og þróast í Breiðholti. Þar hefur margskonar öflugt félagsstarf skotið rótum. Skólarnir í byggðarlaginu eru með því besta sem gerist og ýmis samfélagsleg verkefni hafa náð með góðu móti til íbúanna. Í Breiðholti fer nú fram tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem er staða sérstaks hverfisstjóra sem hefur meðal annars það verkefni að halda utan um félagsstarf og tengja þætti þess saman. Þótt reynslan af því sé ekki löng hafa ýmis merki komið fram um að þarna hafi verið rétt að verki staðið og ekki er ólíklegt að þetta fyrirkomulag verði þróað í öðrum hverfum eða borgarhlutum á komandi tímum.

## Öflugt fræðslu- og félagsstarf

Verkefnið Menntu núna er að skila góðum árangri – ekki síst þar sem það nær vel til fólks af erlendum uppruna sem valið hefur að búa í Breiðholti. Þjónusta við eldra fólk er gróin en hefur verið að aukast og áhersla er lögð á að ná til sem flestra í því starfi. Eldra fólk á það til að einangrast þegar breytingar verða á lífi þess og venjum. Til dæmis við starfslok eða makamissi. Líf þess hefur snúist um heimili og vinnu og þegar breytingar verða skapast tómarúm sem félagsstarfinu er ætlað að koma til móts við og fylla í. Unnið hefur verið að því að hvetja fólk til þess að notfæra sér þá þjónustu sem er í boði. Breiðholtið stendur framarlega sem byggðarlag og margt fólk sem hefur alið manninn þar um lengri eða skemmri tíma ber því góða sögu.

## Fyrirmyndar kaffihús

Fagna ber nýja kaffihúsi í Gerðubergi. Lengi hefur vantað góðan samastað fyrir fólk sem vill hittast og fá sér kaffi og góðgæti. Nýja kaffihúsið er mun stærra, bjartara og opnara en það sem fyrir var og tengist með beinum hætti innkominni í húsið, sýningarsölum þess og fundarherbergjum og síðast en ekki síst myndar það einskonar miðu við bókasafnið. Bókakaffi njóta vinsælda nú um stundir og hugmyndin að tengingu veitinga og bóka er tilvalin. Nú er Breiðholtsbúum sem og öðrum ekkert að vanbúnaði að koma í Gerðuberg. Heimsækja fyrirmyndar kaffihús og njóta góðra veitinga í fallettu umhverfi hvort sem þeir eiga erindi við bókasafnið, koma til þess að skoða sýningar, sækja aðra viðburði eða bara til þess að hittast og spjalla saman.

# S T U T T A R

## B O R G A R F R É T T I R



## Vilt þú koma fram á fjölmeningardeginum?

Fjölmeningardagur Reykjavíkur verður haldinn hátíðlegur laugardaginn 9. maí. Verið er að leita að allskonar listrænu fólki til að taka þátt í dagskrá í Tjarnarbíói á milli 14.30 og 17.00. Einungis stutt atriði koma til greina – á bilinu tvær til tíu mínútur að lengd. Atriðið má vera dansýning, stutt leikrit, ljóð, uppistand eða eitthvað annað skemmtilegt sem fólki dettur í hug. Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessum viðburði eru hvatt til að fylla út skráningareyðublað og ef einhverjar spurningar eða ábendingar vakna er fólk beðið um að hafa samband í síma 411 4159 (Adda) 411 4163 (Mía) eða sendið tölvupóst á netfangið fjolmenningardagur@reykjavik.is



## Hátíðarfundur kvenna í borgarstjórn

Hátíðarfundur kvenna var haldinn í borgarstjórn 31. mars sl. Fundurinn er hluti af hátíðahöldum Reykjavíkurborgar vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á þessu ári. Þessi dagsetning varð fyrir valinu vegna þess að 31. mars árið 1863 kaus fyrsta konan til sveitarstjórnar á Íslandi. Hún hét Vilhelmina Lever og kaus til bæjarstjórnar á Akureyri.

Hátíðarfundurinn sátu 15 efstu konur í borgarstjórn, auk borgarritara sem var staðgengill borgarstjóra við þetta tilefni. Á dagskrá fundarins voru þrjár tillögur: Tillaga um að haldin verði afrekasýning kvenna á

Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Tillaga um að fela forsætisnefnd að hefja undirbúning að stofnun ofbeldisvarnarnefndar á vegum mannréttindaráðs og tillaga um að halda málþing um þátttöku og áhrif kvenna í stjórnmálum á afmælisdegi Ingibjargar H. Bjarnason. Reykjavíkurborg mun standa fyrir 100 viðburðum, smáum og stórum, í tilefni þess að öld er liðin frá því að konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Með hátíðahöldunum verður minnst þess árangurs sem náðst hefur í kvenréttindabaráttunni og hvatt til jafnréttis kynja á öllum sviðum. Myndin sýnir hvar konur efndu til hátíðargöngu í tilefni fengins kosningaréttar og gengu fylktu liði spariklæddar á Austurvelli þann 7. júlí 1915.



## Ný vatnsrennibraut í Árbæ

Dagur B. Eggertsson opnaði nýja vatnsrennibraut í Árbæjarlaug á dögnum þegar hann var með skrifstofu borgarstjóra í heimabæ sínum en hann er Árbæingur eins og kunnugt er. Stór hópur barna beið spenntur eftir að opnað yrði. Dagur var ekkert að tvinóna við hlutina og dreif sig í brautina við góðar undirtekir enda hafði verið lofað stuttri og hraðskreiðri athöfn. Eftir ferð Dags hefur verið stöðugur straumur í nýju brautina sem fær góða einkunn hjá yngstu kynslóðinni. „Ó mæ god“ og „Frábært“ er meðal umsagna sem brautin fékk í dag. Guðrún Arna Gylfadóttir, forstöðumaður í Árbæjarlaug er einnig ánægð með að vera komin með nýja braut og segir hún að tímabært hafi verið að endurnýja hana. Árbæjarlaug fagnaði í fyrri tuttugu ára afmæli og fékk það ár um 250 þúsund heimsóknir.

## Reykjavík - heteró eða hinsegin

Rannsókn Freyju Barkardóttur mastersnema í kynjafraeðum sýnir

að hinsegin starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa jákvæða reynslu af vinnustöðum sínum en finnst þeir þó einkennast af gagnkynheigðarhyggju. Freyja vann að verkefninu á vegum Reykjavíkurborgar sumarið 2014 undir heitinu „Er Reykjavík bara heteró eða líka hinsegin?“. Markmið þess var að skoða hvernig hinsegin starfsmenn Reykjavíkurborgar upplifðu vinnustaði borgarinnar. Er gagnkynheigð menning ríkjandi hjá Reykjavíkurborg? Verður hinsegin starfsfólk fyrir fordómum og mismunum á vinnustöðum borgarinnar? Rannsóknin sýndi að þó að margir viðmælendur hefðu hefðu almennt jákvæða reynslu af því að vera hinsegin á vinnustöðum Reykjavíkurborgar einkenndust vinnustaðirnir af gagnkynheigðarhyggju.

Tílefni rannsóknarinnar var meðal annars könnun sem gerð var á meðal félagsfólks í Samtökunum '78 í janúar og febrúar 2014. 70% svarenda höfðu orðið fyrir leiðinlegum atvikum á vinnustað sínum oft, stundum eða sjaldan og í 56% tilvika höfðu atvikin átt sé stað innan síðustu þriggja ára. Þessar niðurstöður gáfu því tílefni til skoða nánar líðan og stöðu hinsegin fólks á vinnustöðum Reykjavíkurborgar. Verkefnið var styrkt af Vinnuálastofnun.



## Grafreitir við Úlfarsfell

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti nýlega verkefnislýsingu vegna undirbúnings að nýjum grafreit við Úlfarsfell. Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma segir þetta þýða að hægt verði að skipuleggja flutning jarðvegs á svæðið. Landfyllingin þarf að ná réttri hæð svo hægt verði að byrja að móta garðinn og rætt hefur verið um að nota m.a. jarðveg frá Hlíðarendasvæðinu til fyllingar. Teikningar að nýja garðinum eru fyrirhuguð. Hann á að verða hringlaga og verður byrjað að jarða innst í hringnum. Undirbúningur tekur 6 til 8 ár en græða þarf upp landið, leggja stíga o.fl. Myndin sýnir tölvuteikningu af hinum fyrirhugaða grafreit.

T&G

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd  
erum í sama húsi og Íslandsbanki.



Þarabakki 3, Mjódd  
109 Reykjavík  
Sími: 696-3436  
www.togg.is

# NEMID MIG Á BROTT

TAKE - AWAY

5 17 18 18

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11:00 - 23:00



## VIÐTALIÐ

# Breiðholtið er komið á fullorðinsár

**F**innbogi Marinósson ljósmyndari spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hann fluttist í Vesturbergið um 10 ára aldurinn þegar efri byggðirnar þar voru að rísa. Hann óx upp með þessari nýju borgarbyggð og skynjaði þann anda sem var á meðal frumbýlinga og krakka sem voru að alast upp á þessum nokkuð sögulega tíma í borgarsögunni. Er Finnbogi komst á fullorðinsár lá leið hans til Bandaríkjanna þar sem bjó um skeið og lærði ljósmyndun. Hann bjó eftir það og starfaði í rúman áratug á Akureyri þar sem hann rak meðal annars ljósmyndastofu en er nú kominn suður yfir heiðar og hefur að undanfögnu gengið um sínar gömlu heimaslóðir vopnaður myndavélinni og fest á mynd það sem fyrir augun hefur borið. „Ég ólst upp í Breiðholti og hef sterkar taugar til þessa umhverfis. Mig langar því til þess að sýna byggðina á myndrænan hátt og hvað hún hefur að bjóða. Ég man að oft var talað niður til þessara nýju búsvæða. Þeim fundið flest til foráttu. Ég held að það hafi oftast en ekki stafað af þekkingarleysi fólks. Fólks sem jafnvel hafði aldrei komið á svæðið en horfði úr fjarlægð á nýtt borgarhverfi rísa utan hinnar gömlu eða eigum við að segja hefðbundnu byggðar og mat það svo að slíkt framkvæmdasemi kynni ekki góðari lukku að stýra.

„Ég er fæddur í Reykjavík og við fjölskyldan bjuggum við Njörvasund þangað til að ég var 10 ára en þá fluttum við í Vesturbergið í Breiðholti. Þetta var árið 1972 og foreldrar mínir eru búnir að búa þar samfelld í 43 ár. Þótt ég hafi verið orðinn þetta gamall þegar við fluttum þá lít ég fyrst og fremst á mig sem Breiðholtsbarn. Á þessum tíma var Efra Breiðholtið að rísa af jörðu. Búið var að klára Þórufellið og verið að byggja lengjuna ljótu. Ég man að Strætó gekk uppeftir og stoppaði þar sem Shellstöðin er nú en hann fór ekki lengra á þessum tíma. Hætti sér ekkert inn í óbyggðirnar ef svo má að orði komast. Maður vaknaði eldsnemma á morgnana og það fyrsta sem heyrðist voru hamarshögg og önnur byggingahljóð úr Fellunum þar sem allt var á fullu í byggingavinnunni. Og umhverfið bar allt saman merki þessara miklu framkvæmda. Stigagangur reis við stigagang og stöðugt var nýtt fólk að koma í hverfið. Vissulega gat verið atgangur í krökkunum. Ef einhver var mjög fyrirferðamikill spurðum við stundum hvort hann ætti heima í Torfufellinu. Það var þá yngst og Fellin byggðust í þeirri röð. Stöðugt bættist í krakkahópin og nýir krakka voru svona að kanna stöðu sína gagnvart þeim sem fyrir voru. Þetta voru stórir hópar af krökkum. Heilir skarar og því eðlilegt að einhver atgangur væri.“

## Heill heimur ævintýra

Finnbogi segir að að Efra Breiðholtið hafi verið einn heimur ævintýra á þessum tíma. „Það var mjög gaman að labba um hverfið út á Hólinn þar sem Hólabrekuskóli stendur nú. Þar voru byrgi frá hernámsárunum og ýmsar



Finnbogi Marinósson ljósmyndari.

stríðsminjar sem gaman hefði verið að varðveita en í atganginum við að byggja höfðu menn ekki hugsun á því. Við Vesturbergið er hins vegar álfasteinn og var ein blokkinn færð fram og nær götunni til þess að ekki þyrfti að hrófla við steininum. Menn hafa alltaf haft sýn á álfa en hvort skammsýni var um að kenna eða hersetan of skammt undan í hugum margra til þess að hafa áhuga á að vernda byrgin. Annars var þetta dásamleg staða. Maður skaut út um bakdyrnar á blokkinni við Vesturbergið og var nánast um leið komin út í móa. Vorin fóru meðal annars í að fylgjast með fuglunum. Með hreiðurgerð þeirra og varpi. Svo komu ungarnir og mávurinn flaug yfir í ætisleit. Það var sorglegt að sjá hann gæða sér á eggjunum og sérstaklega þegar hann var að elta ungana uppi og éta þá. En svona er lífið. Eins dauði er annars braud. En þetta var í fullkomnu samhengi við náttúruna og sýnir hvað Efra Breiðholtið var mikið úthverfi eða hálfgerð sveit á þessum tíma.“

## Óskar kom með hvellhettur

Finnbogi segir heppni að engins slys hafi orðið á krökkum í þessu umhverfi umrótanna. „Hin hliðin á sveitinni voru framkvæmdirnar við að breyta henni í borg. Vinnupallar stóðu utan á húsum og við krakkarnir vorum óþreytandi að klifra fram og aftur og stálheppni að enginn skyldi nokkru sinni detta og slasa sig. Ég man aldrei eftir að slíkt hafi gerst. Minnst ekki að sjúkralílinn hafi nokkru sinni komið uppeftir vegna slysfara. Ég held að

þessi heppni hafi einkum stafað af því að krakkrar fóru sjálfir inn í þessar aðstæður og settu sér sjálf mörk. Ef þeim hefðu fylgt of mörg boð og bönn að heiman hefði frestingin til þess að ganga lengra og brjóta þau orðið of sterk og þá ekki gott að segja til um hvað hefði getað gerst. Ég var líka í alvöru sveit í tvö sumur. Annað hjá Ragnari á Nýhóli á Fjöllum. Ragnar var sérstakur og eftirminnlegur maður

og ég á mjög góðar minningar þaðan. Annað sumar dvaldi ég í Borgarfirði og Óskar Jónasson síðar kvikmyndagerðarmaður var þar á sama bæ. Óskar kom eitt sinn með fullt af hvellhettum en faðir hans Jónas Bjarnason fyrrum rannsóknarlögreglumaður var líka annalaður minkaveiðimaður og voru hvellhettur stundum notaðar til þess að svæla minka úr holum sínum. Skari hafði komist

yfir eitthvað af þessum birgðum föður síns og síðar meir þegar heim í Breiðholtið var komi hafði eitthvað af þeim fylgt með. Þær þóssuðu alveg til þess að stinga þeim í dyrasimana og þegar ýtt var á takkana þá sprungu þær. Þetta var auðvitað gróft prakkarastrik því það tókst einhverju sinni að sprengja dyrasíma þannig að ekkert var eftir nema vírarnir.“

## Besta árið í Hólabrekku

Finnbogi gekk fyrstu skólaárin í Langholtsskóla en svo tók Fellaskóla en þá var tíundi bekkurinn ekki kominn og við fórum yfir í Hólabrekuskólann til þess að klára grunnskólann. Ég held að ég eigi sterkustu minningarnar frá skólagöngu í Breiðholti þaðan því ég var í ótrúlega sterkum árgangi. Það ríkti mikil samheldni í tíunda bekknum og við krakarnir gerðum margt saman. Á þessum tíma var ljósmyndaáhrifinn vaknaður og ég var farinn að taka ljósmyndir af fullum krafti. Við og félagi minn höfðum lykla að framköllunaraðstöðunni í Fellakóla og gátum farið þar inn á kvöldin til þess að framkalla. Ég man að ég tók oft myndir á skemmtikvöldum í Hólabrekuskóla sem oftast voru á fimmtudagskvöldum. Fórum svo yfir í Fellaskóla og framkölluðum og hengdum glænýjar myndir upp morgunin eftir.“

## Og svo var Leiknir

Og svo var Leiknir. „Já - félagið var stofnað um ári eftir að við fluttum í hverfið. Faðir minn Marinó Finnbogason var einn af stofnendum Leiknis og ég varð einn af fyrstu Leiknismönnum. Ég hef alltaf haft og hef enn mjög sterkar taugar til Leiknis. Ég man að í fyrstu varð ég fyrir vonbrigðum með nafnið. Fannst það hallærislegt. En það vandist og í dag skiptir nafnið engu máli fyrir mig heldur félagið sem mér þykir vænt um.“ Finnborg rifjar sögu Leiknis lítilega upp. Segir hana hafa verið fremur sorglega frama af. „Leiknir var



Nokkrar þeirra mynda sem Finnbogi hefur tekið í Breiðholti til undanfögnu.

olnbogabarn. Það sést best af því að miðstöð félagsins var í skúrræfli um langt árabíl. Kannski kom það til af því að fáir úr hópi verðandi peningamanna komu að félaginu og stjórnmalámonnum sást einhvern veginn yfir það. Leiknir hefur aldrei fengið neitt gefins heldur hafa Leiknismenn ætíð orðið að berjast fyrir sínu.“

### Fellin stinga í augu

Að undanförunu hefur Finnbogí verið að skoða heimaslóðir sínar. Hann segist hafa gengið vítt og breytt um Breiðholtið með myndavélina til þess að mynda það sem fyrir augu beri. Eitt af því sem hann gerði var að fara upp í turn Borgarspítalans til þess að fá sjónarhorn á Breiðholtið. „Þegar ég horfði upp eftir út turninum og „súmnaði“ á valda staði sá ég hvernig Fellin stinga í augu. Stóri kastalinn fremst á brúninni og síðan löngu blokkirnar til hvorrar handar. Skipulagsslysið er æpandi. Helst þyrfti að ryðja þessu í burtu og byggja upp á nýtt en ég geri mér alveg grein fyrir að það er óraunhæf sýn. Þessar byggingar eru komnar til þess að vera og þær hýsa álíka fjölda fólks og myndar meðalstórt þorp úti á landi. Þær eru vissulega barn síns tíma. Byggðar á forsendum sem þá voru gefnar um hagkvæmni og byggingahraða en hugsunarhátturinn er orðinn allt annar í dag.“

### Veitingastaðir í Drafnarfellinu

Finnbogí segir að ekki megi láta hugfallast við þessa sýn heldur verði að nýta það sem fyrir er. „Ég hef verið að horfa á Drafnarfellið og umhverfið þar í kring. Þar átti að verða þjónustuhverfi og var það á sínum tíma þegar ég var að alast upp. Og þar var samkomustaður okkar krakkanna. KRON búðin og sjoppin. Þar var líka bakarí og fleiri verslanir. Svo hvarf þetta. Stórmarkaðirnir tóku yfir og litlar verslanir rákust illa. Nú er aðeins að lifna yfir þessum hluta Fellanna. Nýló er komið þangað og Fab Lab starfsstöðin. Pólska búðin er vinsæl. En það þarf að nýta þetta betur. Veitingamennin getur verið að vaxa og breiðast út í Reykjavík. Enn er hún of mikið bundin við gamla bæinn. 101 eins og hann er oft kallaður. Hún hefur ekki enn náð til Breiðholtsins þótt þar búi ríflega 20 þúsund manns. Heldur fleiri en búa á Akureyri. Hvað veldur veit ég ekki. Ef til vill eru það ferðamennirnir. Ekki er farið með þá í Breiðholtið. Kannski er það bara framtaksleysi. Íbúafjöldinn er nógur í Breiðholti og hann stendur saman af fólki af mörgum þjóðernum. Það er alvöru fjölmenningsfélög í Breiðholti. Nú eru litlir veitingastaðir að verða til og opna þar sem í boði er matur frá mörgum löndum og menningarvæðum. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort ekki væri hægt að opna slíka staði í Drafnarfellinu. Ef litid er til íbúanna og samsetningar þeirra ætti að vera grundvöllur fyrir slíkum rekstri. Og þarna myndi fólk kynnast menningu og síðum hvors annars. Ég hef séð á annan tug krakka vera að spila fóltbolta og þau voru ættuð frá jafn mörgum þjóðlöndum. Það er svona hin hliðin á feegurðinni. Þarna gæti orðið til forvitnilegt svæði þar sem fólk gæti komið og kynnst matarmenningu hvors annars og veitingastaðirnir myndu styrkja hvor annann með nálægðinni. En það þyrfti einhvern kraft til að koma þessu af stað rétt eins og Fab Lab starfsstöðinni. Ég ætti kannski að fara og ræða þetta við borgarstjóra.“

### Skipti úr barnasálfræði í ljósmyndun

En að ljósmynduninni. Hvenær fór Finnbogí að taka myndir. Hann segist hafa farið að mynda um tíu ára aldurinn. „Ég fór að fíkta við þetta og fékk fljótt góða hvatningu frá móður minni. Þetta var svona eins og með margt annað að áhugamál varð til upp úr þessu. Ég

fór snemma að hafa myndavélina með mér og við höndina ef eitthvað áhugavert kynni að bera fyrir. Það var þó ekki fyrir en eftir að ég flutti vestur um haf að ég datt inn í þetta af fullri alvöru og hóf nám í ljósmyndun. Ég flutti út 1988 og ætlunin var að læra barnasálfræði því ég hef mikinn áhuga á fólki. Ég byrjaði í henni en leitaði mér að öðru til þess að næla mér í aukapunkta. Og þá kom gamla og nýja áhugamálið einna helst til greina. Ég hafði í raun aldrei lært neitt þótt ég væri alltaf að mynda. Ég fór að fást við ljósmyndanámið með hinu sem enti með því að ég skipti alveg yfir. Ég var líka heppinn með kennara sem sá eitthvað í mér og hvatti mig áfram og stýrði mér án þess að ég beinlínis tæki eftir því.“

### Ekki bara tæknileg

Finnbogí segir að ljósmyndunin

sé ekki bara tæknilega heldur komi hinn mannlegi þáttur mjög við sögu. „Það gerist ekki síst í einsaklingsmyndatökum. Fólk er mis vant að sitja fyrir og þá er um að gefa að gefa því góðan tíma. Ég man eftir konu sem kom til mín því hana vanaði mynd af sér til að láta fylga atvinnuumsókn. Henni reyndist erfitt að slaka á og setti sig í stellingar eins og fólk gerir stundum þegar taka á af því ljósmynd. Eftir að við vorum búin að spjalla í einar 45 mínútur og ég að taka nokkur skot spurði konan hvort hún hefði ekki komið í myndatöku en ekki bara til að spjalla. Ég játaði því en sagði henni líka að nú væri hún orðin afslöppuð gagnvart myndavélinni og ég tók myndina. Í öðru tilfelli kom kona til mín til þess að panta fermingarmyndatöku. Þegar hún var að fara snéri hún sér við í dyrunum og sagðist alveg hafa

gleymt að þakka mér fyrir eldri dóttur sína. Ég spurði hana hvað hún meinti og þá sagði hún mér að ég hefði tekið mynd af henni fyrir einhverjum árum. Stúlkan hafi verið til baka en orðið svo ánægð með myndina að hún hafi hjálpað henni að ná tökum á bakaheldni og feimni. Þegar hún hefði fengið myndalbúmið sitt hefði hún hætt að líta á sig sem ómögulega. Farið að sækja skólaskemmtanir sem hún hefði ekki gert og nánast tekið U-beygju í lífinu. Þetta er besta faglega komplimentíð sem ég hef fengið.“

### Breiðholtið er komið á fullorðinsár

En snúum okkur aftur að Breiðholtinu. Ertu að skrá sögu þess í myndum. „Já og ekki eingöngu að skrá söguna. Ég er að gera það sem mig hefur lengi

langað að gera. Mér þykir gaman að taka myndir af því sem mér finnst áhugavert og mér þykir vænt um Breiðholtið. Reykjavík er meira en 101. Fólk ekur niður Laugaveginna jafnvel án þess að stoppa eða fara út úr bílnum. Þetta er vinsæll sundagsrúntur. En hversu margir hafa keyrt upp í Breiðholt á sundögum til þess að skoða sig um. Tala nú ekki um að leggja bílnum og rölta um. Það eru komnir frábærir göngustígar um Breiðholtið. Og nú er það orðið gróíð. Mosinn segir til um það. Á gönguferðum mínum hef ég tekið eftir því að mosinn er farinn að vaxa. Hann er lengi að ná sér á strík og þegar hann er búinn að ná rótfestu þá hefur byggðin náð ákveðum þroska. Mosinn segir okkur að Breiðholtið sé komið á fullorðinsár.“



# SPÍRAN

BORÐUM VEL

GARÐHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6

# Sýning á verkum fólks í félagsstarfinu í Gerðubergi



Gerðuberg.

Sýning á verkum notenda félagsstarfsins í Gerðubergi opnar 2. maí n.k. og verður opin út allan maí mánuð.

Sýningin er að þessu sinni hluti af dagskrá menningarhússins og verður sýningarstjóri frá því sem setur sýninguna upp. Ekki þarf að efa að þar mun

kenna margra grasa enda margir sem stunda félagsstarfið bæði áhugasamir um myndsköpun og dráttahagir. Breiðhyllingar og aðrir eru eindregið hvattir til þess að leggja leið sína í félagsstarfið í maí og líta á það sem fyrir augu mun bera.

# Nýtt veitinga- og kaffihús í Gerðubergi

Þann 20. mars tók veitingasvið ISS Ísland við rekstri kaffihúss, Kaffi 111, í Borgarbókasafninu Menningarhúsi Gerðubergi. Auglýst var eftir rekstraraðilum að kaffihúsinu í janúar og átti ISS veitingasvið hagstæðasta boð í reksturinn.

Veitingasvið ISS rekur stórt miðlægt eldhús í Vatnagörðum þar sem eldaður er hádegismatur fyrir fjölda fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess rekur veitingasvið ISS veitingaþjónustu í fjölmörgum skólum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Kaffihúsið í Gerðubergi mun bjóða upp á alvöru kaffihúsastemmingu með kaffi, kökum, smáréttum og öðrum léttum veitingum. Áhersla verður þó á heitan og kjarngóðan mat í hádeginu.

Í Gerðubergi er fjölbreytt starfsemi þar sem meðal annars er bókasafn, viðamikil viðburðadagskrá af ýmsum toga allt árið um kring, útleiga á fundarsölum og félagsstarf. Undanfarna



Glæsileg aðstaða í hinu nýja veitinga- og kaffihús.

mánuði hafa staðið yfir miklar breytingar á efri hæð hússins, þar sem veitingaaðstaðan var meðal annars færð til, auk þess sem ný og glæsileg húsgögn prýða nú veitingarýmið. Eldhús kaffihússins er búið nýjum og fullkomnum tækjum til veitinga- og kaffihúsareksturs.

Um 160.000 manns heimsækja Gerðubergi á ári, og vonast veitingasvið ISS til að kaffihúsið muni setja nýjan blæ á húsið og auka þjónustustig til viðskiptavina.

Opnunartími Kaffi 111 verður alla virka daga frá 8-18 og um helgar frá 13-16.

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)

# Fimmtudagsfræðslan – opin fræðsla í Gerðubergi

Fimmtudagsfræðslan er fræðsla fyrir íbúa í Breiðholti og er samstarfsverkefni Menntunar Núna, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Borgarbókasafns | Menningarhúsi Gerðubergs. Fræðslan hefur verið haldin annan hvorn fimmtudag frá kl. 17.00 til 18.30. Boðið er upp á affreyningu fyrir börnin á bókasafni á meðan á fræðslunni stendur.

Fyrir áramót var boðið upp á fræðslu og fyrirlestra um ýmis málefni er tengjast velferð og menningu en frá áramótum hefur sjónum verið beint að fjölskyldunni og foreldrum. Meðal þess sem fjallað hefur verið um er Styðjandi leiðir í uppeldi barna, Fjármál heimilisins - hvað er gott að vita þegar

peningar og fjármál eru annars vegar? Fjölskyldan spilar saman - jákvæð samskipti foreldra og unglinga, fræðsla um einelti og gagnleg ráð, leiðir til að efla einbeitingu og úthald barna með ADHD, sjálfstraust og leiðir til að efla sjálföryggi.

Framundan eru tvær fimmtudagsfræðslur, þann 7. maí kl. 17.00 og 18.30 munu þau Þórdís Lilja Gísladóttir íþrótt- og heilsufræðingur PhD og Þráinn Hafsteinsson íþrótt- og heilsufræðingur MS fjalla um foreldra og þátttöku barna í félagsstarfi og íþróttum.

Ög þann 21.maí verður fjör því þá ætlar fjölskyldan að leika saman úti. Mæting er fyrir utan Miðberg kl. 17.00 og eru leikirnir í samvinnu við félagsmiðstöðina Miðberg.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla

Vaktsími:

581 3300 & 896 8242

[www.utforin.is](http://www.utforin.is)  
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Ökukennsla

[www.bilprof.is](http://www.bilprof.is)

Ökufærni er lykilatriðið þegar ungmenni hefja akstur.

Hvar fær ungmennið þitt kennslu?

- Hluti námsins fer fram í fullkomnum ökuhermi
- Áhersla lögð á færni nemenda og öryggi þeirra í umferðinni
- Allt kennsluefni innifalið



Hringdu núna og bókaðu ökuskólann

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD  
– yfir 40 ár í fagmennsku.

Þekking og reynsla í fyrrirúmi



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 • Opið 10-17 alla daga.

# Jákvæðni og sköpunarkraftur er allt sem þarf

... segir Guðbjörg Ragnarsdóttir sem er starfsmaður í Fab Lab og nemandi í Fab Academy.

Guðbjörg var ekki lengi að uppgötva Fab Lab smiðjuna í Fellagörðum sem opnaði í janúar á síðasta ári. Hún varð fljótlega tíður gestur og málin þróuðust þannig að í nóvember síðastliðnum tók hún við 50% starfi hjá Fjölbautarskólanum í Breiðholti með stuðningi frá Vinnuálastofnun og Menntun núna verkefninu. Í janúar hóf Guðbjörg síðan nám í Fab Academynni sem hún lýkur í júní en námið er alþjóðlegt og er skipulagt af samstarfsneti Fab Lab smiðja í heiminum frá smiðjunni sem rekin er af MIT háskólanum í Bandaríkjunum. Námið veitir þátttakendum réttindi sem leiðbeinandi í Fab Lab smiðjum víða um heim.

Guðbjörg er Eyjamær, fædd og uppalin í Vestmanneyjum, bjó lengi vel í Danmörku og býr nú í Breiðholti. Hún er einstæð móður með tvö börn.

*Hvað er svona spennandi við Fab Lab?*

“Fyrst og fremst sá möguleiki að koma í framkvæmd einhverjum af þeim óteljandi hugmyndum sem ég er með í kollinum. Ég hef alveg frá því ég man eftir mér verið að hanna og þróa alls konar hugmyndir og handverk. Fab Lab gefur manni tækifæri að þróa áfram sínar hugmyndir án þess að kosti mann handlegg.” Guðbjörg er sjálf búin að hanna og þróa ýmislegt í smiðjunni, merki á boli, klukku, límíða og jólagjafir auk þess að vera

búin að hjálpa ótal mörgum hönnuðum og hugmyndasmiðjum. “Það er líka svo skemmtilegt að taka á móti fólki með þennan sama áhuga á að skapa, aðstoða það og sjá hugmyndir þess verða að veruleika, það er einhver glampi og hrein gleði sem kviknar innra með fólki í ferlinu og þegar hugmyndin er orðin að veruleika.”

*En hvernig gengur í Fab Academy sem er nánast fullt nám með vinnu?*

“Þetta var erfiðara en ég hélt en ég er búin að læra alveg ótrúlega mikið. Við erum nánast komin í gegnum allar stöðvarnar þ.e. vinna með öll tækin og forritin sem stuðst er við í smiðjunni en það hefur verið sérstaklega gaman að kynna betur rafmagnshorninu og stóru fræsivélinni en mitt síðasta verkefni var að hanna og skera út hillur í fræsivélinni. Við erum að byrja að vinna í lokaverkefninu sem á að skila 10. júní. Ég er búin að vera með margar hugmyndir í kollinum en held ég sé komin niður á þá sem mig langar að vinna með sem lokaverkefni en það er spíladós sem er ekki einsög í gamla daga heldur meira takkar og ljós, en með þessu næ ég að nota sem flestar vélar.”

*En hefur ekki verið mikið álag á þér og hvað segir fjölskyldan?*

“Börnin mín eru mjög ánægð með pizzurnar sem hafa verið óvenjuoft á borðum síðan námið

hófst, en þau eru að vísu komin á unglingsaldur en ég gæti ábyrgilega ekki verið á fullu í öllum þessum verkefnum ef krakkarnir væru yngri, sérstaklega ekki þar sem maður er einn með þau.”

*Þú hefur verið að klást við erfið veikindi, hvernig fórst þú að þessu?*

“Veikindi mín voru það mikil að mér var tjáð að ég þyrfti að sætta mig við stöðnun þ.e. að geta varla lyft glasi þegar ég var sem verst. Ég var ekki sátt við þessi skilaboð og tók ákvörðun um að láta veikindin ekki taka svona mikið pláss í mínu lífi, segja frekar við sjálfan mig. Ég er hraust, ég er glöð, ég er sterk og eitthvað jákvætt“ endurtaka þetta oft á dag og á hverjum degi og það hjálpaði strax mjög mikið. Samhliða fór ég að taka inn vítamínbombu sem kallast Balance Shake með Omega3 fitusýrum og það hefur hjálpað mér með það sem upp á vantaði en í dag er ég verkjalaus og lyfjalaus.”

*Hvað sérðu svo fyrir þér í framtíðinni?*

“Ég vildi gjarnan eiga eigið verkstæði í framtíðinni en mér finnst líka mjög gaman að hjálpa fólki með þeirra hugmyndir og upplifa gleðina sem fylgir því að láta þær verða að veruleika, þá finnur maður að maður er að gera góða hluti, láta gott af sér leiða. Líklega væri skemmtilegast að geta gert hvoru tveggja, unnið að eigin hugmyndum á



Guðbjörg Ragnarsdóttir

sínu verkstæði samhliða því að leiðbeina öðrum. Í allra nánustu framtíð þá dreymir mig um að fara til Boston á Fab 11 sem er bæði ráðstefna og útskrift úr Fab Ackademíunni sem verður í ágúst eða í kringum

Verslunarmannahelgina. Líklega er þetta eini viðburðurinn sem ég myndi fórna þjóðhátíðinni,” segir Guðbjörg.

SGK



## Thai select í Breiðholt



Þönglabakki 6 • 109 Rvk • Sími 517 3000  
FB. Thai\_select@hotmail.com  
Open time mon-lau 11-22  
sun 13-22  
Open now on the monday 20. april 2015.

# Alþjóðasetur flytur í Breiðholtið

Alþjóðasetur er fjölskyldu-fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í samfélagstúlkun frá árinu 2001 og er í dag orðin stærsta túlkabjónusta landsins. Í janúar síðastliðinn flutti fyrirtækið starfsemi sína í Breiðholtið en félagið hafði þá áður verið til húsa í 101 RVK, fyrst við Hverfisgötu og síðar við Laugaveg. Breiðholtsblaðið náði tali af Alexander Dungal, framkvæmdastjóra Alþjóðaseturs og ræddi við hann um húsnaðið, félagið og nýja ímynd þess.

Alþjóðasetur hóf starfsemi sína árið 2001 sem þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði fjölmennningar og mannréttinga undir nafninu Alþjóðahús. Upphaflega var félagið einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar en starfsemi þess kom þá í stað Miðstöðvar nýbúa, sem hafði heyrð undir Íþróttar- og tómsundarad borgarinnar. Meginhlutverk Alþjóðahúss sneri að því að auðvelda aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og að auðvelda þeim sem fyrir væru að aðlagast breyttri samfélagsmynd á sama tíma. Alþjóðahúsið starfaði þá bæði sem upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur og innfædda um málefni innflytjenda og bauð upp á almenna félags- og lögræðiráðgjöf að kostnaðarlausu. Þar var einnig boðið upp á fræðslu, íslenskukennslu og önnur fjölbreytt námskeið af ýmsu tagi. Eftir efnahagshrunið var félagsþjónusta Alþjóðahússins síðan innleidd í starfsemi þjónustumiðstöðvanna og upplýsingamiðstöðin flutt yfir til Fjölmenningsseturs á Ísafirði á meðan að túlka- og

þýðendabjónustan fékk að hefja göngu sína á frjálsum markaði undir nafninu Alþjóðasetur.

„Fólk er ennþá að kalla okkur ekki neitt. Við erum stolt af sögu félagsins og þykir bara vænt um það hversu rótgróið gamla nafnið er í hugum fólks,“ segir Alexander.

## Sérfræðingar í túlkabjónustu

Í dag starfa hátt í 250 túlkar hjá Alþjóðasetri sem túlka samanlagt á milli 65 ólíkra tungumála og íslensku. Félagið sinnir daglega tugum verkefna á höfuðborgarsvæðinu m.a. í réttarkerfinu, hjá lögreglu, fyrir dómi, hjá sýslumanni, Útlendingastofnun, í heilbrigðiskerfinu á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, einnig í menntakerfinu á foreldrafundum, leik- og grunnskóla og í félagslega kerfinu hjá félagsþjónustum, Barnavernd, Reykjalundi, VIRK o.fl. stofnunum. Þá sinnir félagið einnig öðrum verkefnum s.s. túlkabjónustu fyrir ráðstefnur fyrirtækja, ökuþróf, starfsmannaviðtöl o.fl. Alexander segir að samfélagstúlkun sé ólík dóm- og táknmalstúlkun að því leyttu til að það hefur ekki verið í boði fyrir samfélagstúlka hér á landi að verða sér úti um neins konar formlega menntun og/eða viðurkenningu á starfshæfni sinni. „Við höfum því þurft að finna, ráða, þjálfva og votta túlkana okkar að miklu leyti upp á eigin spýtur. Við höfum unnið hörðum höndum að því að þróa og bæta þá þjónustu sem við bjóðum upp á og árangurinn leynir sér ekki. Við erum mjög stolt af því að vera í dag eina túlkabjónusta landsins með samninga við Reykjavíkurborg, Ríkiskaup og Landspítalann og lítum á það sem mikla viðurkenningu að stærstu stofnanir landsins kjósi að veita skjól- stæðingum sínum túlkabjónustu í gegnum okkur.“

## Nýsköpun í rekstri

Ein af sérstöðum Alþjóðaseturs er rafrænt verkþókhald sem heldur utan um öll verkefni og alla vinnutíma félagsins með aðstoð sérstaks verkskráningar-apps. „Eftir hrun fannst okkur að túlkabjónustan hér á landi hafði dregist töluvert aftur úr öðrum samskiptalausnum hvað tæknivæðingu varðar og ákváðum við að reyna að vinna upp þann mun. Bara núna á síðastliðnum tveimur árum hefur okkur tekist að gjörbylta umfangi þjónustunnar með því



Starfsfólk hjá Alþjóðasetrinu og fleiri ásamt lógói fyrirtækisins.

að rafvæða allt pantanaferlið frá A til Ö. Í dag getum við tekið á móti pöntunum í gegnum netið og hýst verkbeiðnirnar í skýinu okkar sem tilkynnir túlkunum samstundis að þeim hafi verið úthlutað verki. Túlkarnir geta síðan nálgast verk-upplýsingarnar í gegnum þar til gert app sem síðan sér um að telja lengd þjónustunnar, GPS merkja staðsetningu hennar og bjóða viðskiptavininum að staðfesta móttöku með undirskrift. Sú undirskrift prentast síðan rafrænt á reikninginn þegar við sendum hann til greiðanda þjónustunnar - rafrænt að sjálfsögðu“. Appið er sannkallað snjallforrit og skráir hvaða tíma dags tímatalningin er sett í gang þannig að hvort sem um er að ræða túlkun um miðja nótt eða hábjartan dag skráist réttur taxti á verkið. Það heldur einnig utan um allan tilfallandi kostnað eins og til dæmis akstur, símboðanir og/eða símtúlkarnir tengdar hverju verkefni og gerir líka greinarmun á því hvort um neyðarútkall sé að ræða, en slíkt getur einnig haft áhrif á verð þjónustunnar. Appið gerir því Alþjóðasetri kleift að halda mjög nákvæma skrá um rauntímatalningu allra túlkaverkefna á vegum félagsins.

## Nýtt húsnaði – Ný ímynd

Nýja skrifstofan stendur við Álfabakka 14, beint fyrir ofan Augnlæknastofuna og



Alexander Dungal framkvæmdastjóri Alþjóðaseturs og Waraporn Chanse, sem er tælenskur túlkur og þýðandi.

Sjúkraþjálfunina í Mjódd. Stórir gluggar og há lofthæð skapa þar fallega birtu sem endurkastast af hvítum veggjunum og drapplituðu gólfinu. Nýstárlegt díóðuskilti prýðir einnig vesturhlíð hússins þar sem þrjú andlit horfa yfir Reykjanesbrautina. „Eftir að öll félagsaðstoð var endanlega færð yfir til þjónustumiðstöðvanna þá fannst okkur gamla lógóið ekki endurspeglar starfsemi félagsins nægilega vel lengur. Nýja lógóið er bæði tákn fyrir túlkabjónustu, þar sem túlkur stendur á milli

tveggja einstaklinga og miðlar samskiptum þeirra á milli, og einnig fyrir fjölmenningu og fjölbreytileika fólks með því að sýna þrjú andlit, öll í sitthvorum litnum.“ Alexander kveðst vera hinn ánægðasti með allar breytingarnar. „Okkur líður mjög vel með að vera flutt hingað í Breiðholtið og erum að upplifa okkur mun meira miðsvæðis í Mjóddinni heldur en nokkurn tímann á Laugaveginum. Við vonumst til þess að geta verið hér til frambúðar.“



# Töskur og seðlaveski í úrvali

Barnaföt - Frozen - Turfles - Hello Kitty - Spiderman

Skarí og fylgihlufir



Móðjó

Álfabakka 12 • 109 Reykjavík  
S: 571 3411





# Hverfarölt í Breiðholti

Verkefni um hverfisgæslu eða foreldrarölt er að fara af stað í Breiðholti. Þeir sem standa að því eru: Hólabrekkuskóli, Fellaskóli, Breiðholtsskóli, Ölduselsskóli, Seljaskóli, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar, Frístundaheimilin í Breiðholti og einnig Félagsmiðstöðvar, Hverfamiðstöð Breiðholts ásamt fleirum. Ætlunin er að fá sem flesta að verkefni og fá almenna sýn á það sem hægt er að gera til að efla öryggis- og eftirlitsvitund í garð náungans, barna okkar og unglina, og umhverfisins almennt.



Pótt verið sé að undirbúa hverfaröltið á vordögum er haustið sá tími sem þess er ekki hvað síst þörf. Myndin er af haustlitum í Breiðholti.

Verkefnið fer þannig fram að þrjár til fjórir fullorðnir einstaklingar mynda einn gönguhóp en hóparnir fara síðan í eftirlitsferðir um byggðina. Göngustjórar eru þeir sem halda munu utan um þá aðila sem mæta í eftirlitsferðir. Verksvið göngustjóra er þannig að halda utan um að mannað sé í þann hluta hverfisins sem hann er með undir sinni umsjón. Göngustjórar fá með sér fólk í eftirlitsferðir og skrá niður það sem má betur fara. Þeir sjá um að afhenda búnað og það sem þarf til göngufólks í hópnum. Göngustjórar eru einnig tengiliðir við lögreglu ef að tilkynna þarf atburði til 112.

## Ekki lögregla

Ætlaður tími gönguferða er frá kl. 21:00 til 23:30 eða í samvinnu við atburði í hverfum

t.d. í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eða við aðrar uppákomur. Markmiðið er að verða sýnileg og fylgjast með að lögbundinn útivistartími barna og unglina sé virtur og að koma í veg fyrir hópamyndun unglina eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið. Einnig að draga úr áfengis- og fíkniefnaneyslu unglina með því að vera sýnileg og að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Röltinu er ætlað að kanna hvað fer fram í hverfunum á kvöldin og að ná sambandi við þá unglina

sem eru útivið og ræða við þá. Nauðsynlegt er að vera til staðar ef unglingar eru illa á sig komnir og þarfnast aðstoðar og að koma á tengslum milli foreldra í hverfinu. Ahersla er lögð á að hverfisröltinu er ekki ætlað að koma í stað lögreglu. Það er forvarnaraðili með það að leiðarljósi að veita öryggisþilfinningu fyrir börn og unglina og vera sýnileg í hverfunum.

## ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

# Lazertag og dragkeppni

Föstudagskvöldið 10. apríl var sett upp risa Lazertag í Hólabrekkuskóla fyrir unglina í 8.-10. bekk í Hólabrekkuskóla og Fellaskóla á vegum félagsmiðstöðvarinnar Hundrad&ellefu. Um 70 unglingar tóku þátt og var stemmingin mikil. 11 voru í liði og var valið í liðin handahófskennt úr báðum skólum og öllum bekkjum. Heppnaðist kvöldið einstaklega vel og verður Lazertag inni skólum vonandi fastur liður í félagstarfinu.



Vinningsliði Lazertagkvöldsins.

Nú er að hefjast hinir árlegu Breiðholtsleikar en það er keppni á milli félagsmiðstöðvanna í Breiðholti og stendur yfir í viku. Keppt er í ýmiskonar mismunandi þrautum og hefst vikan á Sápultamóti á sparkvellingum við Breiðholtsskóla. Krossum svo bara fingur að veðrið verði nú í sæmilegu lagi. Aðrar keppnir eins og skrifstofuleikar,

spurningakeppni, Breiðholtsvikingurinn verða svo til skiptis í félagsmiðstöðvunum í vikunni og endar vikan svo á rúsinunni í pylsuendanum sem

er Dragshows keppni á föstudagskvöldið. Mun þá koma í ljós hvar bikarinn lendir í ár en á síðasta ári endaði bikarinn í Hundrad&ellefu.

Verið velkomin

## NÝTT OG GLÆSILEGT KAFFIHÚS Í GERÐUBERGI



Kaffi 111 býður upp á eðal kaffi, kökur, smárétti og aðrar léttar veitingar. Í hádeginu er heitur og kjarngóður matur á boðstólum.

Opnunartími Kaffi 111 er alla virka daga frá 8-18 og um helgar frá 13-16.

Í Gerðubergi er fjölbreytt starfsemi þar sem meðal annars er bókasafn, viðamikil viðburðadagskrá og sýningar, útleiga á fundarsölum og félagsstarf.



## BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS GERÐUBERGI


Bókasafnið er opið: mán-þri og fim 10-18, mið 10-21, fös 11-18, lau og sun 13-16

Gerðubergi 3-5, sími 411 6170, gerduberg@borgarbokasafn.is www.borgarbokaasafn.is



## Útfarar- og lögræði-þjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Þorsteinn Elísson útfararþjónusta

Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri

Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri



Guðmundur Baldvínsson útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason útfararþjónusta

Ellert Ingason útfararþjónusta

Katla Þorsteinsdóttir lögræðiþjónusta

Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



# Landsbyggðarstelpa í Breiðholtinu með mörg járn í eldinum

Unnur María Sólmundardóttir er kennari en er engu að síður með mörg járn í eldinum. Hún er hálfur Norðfirðingur, ólst upp á Akranesi en hefur frá 18 ára aldri búið í Reykjavík, lengst af í Breiðholtinu þar sem hún býr núna ásamt fjölskyldu sinni. Unnur María er menntaður sjúkraliði, lögreglu- maður, viðburðarstjórnandi og smíðakennari, og kennir í dag á yngri stigi í Breiðholtsskóla auk þess að stunda nám í hagnýtri Margmiðlun við Borgarholtsskóla sem hún lýkur í vor. Breiðholtsblaðið hittir Unni Mariu á dögnum.

“Mér finnst ég alltaf vera landsbyggðarstelpa þó ég hafi lengst af búið í borginni, það er frábært að alast upp úti á landi, maður er svo frjálstur, getur stússast í krabbaeldi á Langasandi ef svo ber undir og leikið sér í fjöllum fyrir Austan. Eflaust hefur þessi reynsla haft sitt að segja með hversu vel mér líður hér í Breiðholtinu. Það er gott að vera með börn í Breiðholti, það er stutt í náttúruna sem er hér allt í kringum okkur samanber útivistarparadísina Elliárdalinn.”

Það er sérstök samsetning að vera sjúkraliði og kennari, hvernig kom það til?

“Ég ætlaði mér frá sex ára aldri að verða hjúkrunarfræðingur og byrjaði á að fara í sjúkraliðanám.

Eftir að hafa unnið á sjúkrahúsum sá ég að hjúkrunarfræðin hentaði mér ekki sem framtíðarstarf og ákvað því að fylgja æskuvinkonu minni sem þá var í kennaranámi. Leiðin lá í verknámsgreinarnar þar sem ég er svo mikill fönðrari. Upphaflega ætlaði ég að fara í textilkennarann en ákvað að taka frekar smíðina þar sem ég vildi læra á þær vélar og tól sem notaðar eru í smíðunum.”

En hvað heillar þig við kennarastarfið?

“Það er bara svo margt, starfið er bæði fjölbreytt og fjölskylduvænt og manni gefst einnig tækifæri til að fylgja börnunum sínum eftir í þeirra námi. Ég byrjaði að kenna á miðstigi en hef síðustu ár kennt yngri börnum þ.e. 1. og 2. bekk og finn að það á mjög vel við mig, kennslan er fjölbreytt og börnin svo skapandi.”

## Kennarar þurfa ekki alltaf að finna upp hjólið

Unnur María fór í námið í Borgarholtsskóla til að þróa áfram hugmyndir sínar um námsefnisgerð og miðlun. Hún hefur þegar gefið út sex tölublöð af Vefriti Kennarans, sem innihalda námsefni og skipulagsgögn, en í náminu lærir hún að nota ýmis hönnunar- og umbrotsforrit. Hugmyndin byrjaði sem



Unnur María Sólmundardóttir kennari með meiru.

Facebooksíða fyrir þremur árum og lokaverkefnið í náminu er að gera heimasíðuna www.kennarinn.is, nokkurs konar gagnabanka með öllu er litur að námi og kennslu. Heimasíðan er í vinnslu en hún stefnir að því að fullgera hana á næstu mánuðum.

“Markmiðið með síðunni og vefritunum er að skapa vettvang fyrir kennara til að deila kennsluefni, aðferðum og ábendingum um eitt og annað sem tengist námi og kennslu. Ég hef aðallega verið

að vinna með eigið efni hingað til en vona að fleiri bætist í hópinn,” segir Unnur María en hún sér fyrir sér að vefurinn verði í framtíðinni nokkurskonar upplýsingatorg og gagnabanki fyrir kennara, nemendur og foreldra á skólastigunum fjórum.

En hvernig gengur að halda svo mörgum boltum á lofti í einu?

“Það hefur gengið hingað til þó vissulega hefði ég viljað komast lengra með verkefnið mín og eyða

meiri tíma með fjölskyldunni. Það verður frábært að útskrifast í vor og eiga aftur tíma aflögu.” En hvert stefnir þú í framtíðinni, kennari, vefstjóri og útgefandi? “Mig langar að þróa hugmyndir mínar í námsefnisgerð og miðlun lengra þó ég sé ekkert endilega að hætta sem kennari. Til að ramma þær inn stofnaði ég fyrirtækið Kennarinn útgáfa í haust. Eftir útskrift stefni ég að því að vinna meira í viðskiptahugmyndinni á bak við verkefnið, gera það sjálfbært með því að finna leiðir til að skapa tekjur af vinnu minni í framtíðinni.”

## Langamma lítur til með mér

Í upphafi gantaðist Unnur María með að langamma hennar sem dó áður en hún fæddist hafi í gegnum tíðina minnt hana á að slaka á með því að gera vart við sig á ýmsum tímamörkum í lífi hennar. Hún sér hana ekki sjálf en hefur fengið að heyra frá miðlum og næmu fólki að nafna hennar fylgi henni og láti vita af sér öðru hvoru. Mögulega þegar að verkefnið hafa e.t.v. verið of mörg og álagið of mikið. Ekki urðum við þó varar við langömmu í viðtalinu sem þýðir væntanlega að hún er mjög sátt við þá stefnu sem Unnur María er að taka í lífinu.

SGK

## MATUR OG VÍN:

Okkur finnst vel við hæfi að tileinka þáttinn „Matur & vín“ hinum frábæra fiski sem við Íslendingar eigum og bestur er hann á vetrarvertíðinni.

Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.

Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkunar fyrirhafnar.

Réttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Fisk fajitas með blálöngu, tómatsalsa sósu, rifnum osti og fersku grænmeti.

Réttur þessi fæst tilbúinn hjá Fiskbúðinni Hafinu, hann má fara í ofn á 180 gráðum í um 20 – 25 mín.



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

**Masi Modello delle Venezie - Ítalía, Verona - 1.870 kr.**

Ljósitrónugull. Létt fylling, ósætt, fersk sýra. Ljós ávöxtur, steinefni.

**Castillo de Molina Chardonnay Reserva - Chile - 1.999 kr.**

Sítrónugull. Meðalfylling, þurrt, fersk sýra. Suðrænir ávextir, vanilla, eik.

# FB-ingar í námsferð til Spánar

Nokkrir nemendur FB fóru nýverið til Madridar á Spáni ásamt tveimur kennurum, þeim Auði Lorenzo spænskukennara og Huldu Hlín Ragnarsdóttur félagsfræðikennara. Nemendurnir eru í þverfaglegum áfanga sem tengir spænsku og félagsfræði. Áfanginn heitir „Kynverur á Íslandi og í spænskumælandi löndum“.

Markmið áfangans er að nemendur kynnist rétti einstaklinga á Spáni og í Rómönsku Ameríku og bera saman stöðu minnihlutahópa í þessum löndum miðað við á Íslandi. Í Madrid æfðu nemendur sig í að tala spænsku ásamt því að kynna borginni og menningu hennar. Farið var í Konungshöllina, Prado safnið, Santiago Bernabéu fótboltavöllinn og slakað á í sólbaði í Retiro garðinum svo eitthvað sé nefnt. Það var

ferðaskrifstofan Gaman Ferðir sem setti ferðina saman fyrir skólann. Það var mikil ánægja með ferðina og þennan nýja áfanga sem boðið var upp á í FB.



Á heimavelli Real Madrid, Santiago Bernabéu fótboltavellinum.

Breiðholt

## Hverfafundur með borgarstjóra



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, heldur opinn íbúafundur í Fellaskóla, miðvikudaginn 22. apríl, kl. 20.00.

Meðal efnis verða framkvæmdir, nýtt hverfis-skipulag og þjónustukönnun fyrir Breiðholt.

**Ekki missa af líflegri umræðu um hverfið þitt.**

# Skákmenn úr Ölduselsskóla í verðlaunasætum

Skákrakkar úr Ölduselsskóla náðu verðlaunasæti á úrslitum barna blitz hraðskákmótsins sem haldið var í Hörpunni nú um helgina. Átta krakkar á barnaskólaaldri unnu sér keppnisrétt á mótinu og átti Ölduselsskóli þrjá fulltrúa í úrslitunum, þá Stefán Orra Davíðsson úr 3. bekk, Óskar Víkingur Davíðsson úr 4. bekk og Mykhaylo Kravchuk úr 6. bekk.

Kept var með útsláttarfyrirkomulagi og sló Óskar Víkingur yngri bróður

sinn, Stefán Orra úr leik í fyrstu umferð. Leikar fóru svo að Vignir Vatnar Stefánsson hampaði gullinu, en Mykhaylo varð í öðru sæti og Óskar Víkingur því þriðja, sem er frábær árangur hjá þeim félögum. Kjarninn úr skákliði Ölduselsskóla, þeir Mykhaylo, Óskar Víkingur, Alec Elías Sigurðarson og Stefán Orri tefldu einnig á stærsta skákmóti ársins í Hörpu á Reykjavík Open, þar sem 274 skákmenn úr öllum heimshornum og á öllum aldri kepptu.

## Astrid Lindgren þema í Seljaskóla



Úr Seljaskóla.

Þemavika var hjá börnum í 1. til 3. bekk Seljaskóla síðustu viku mars mánaðar. Þema um Astrid Lindgren varð fyrir valinu að þessu sinni. Unnið var með Línu Langsokk, Maddit og Betu, Kalla á þakinu, Emil í Kattholti og Ronju Ræningjadóttur.

Börnunum var skipt upp í tíu 19 barna hópa, blönduðum úr öllum þremur árgöngunum. Þau fóru á eina stöð á dag og unnu verkefni. Föstudaginn 27. mars var svo uppskeruhátíð þar sem börnin buðu foreldrum sínum í heimsókn í skólann til að skoða afrakstur þemavikunnar.

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

**Kebab express**

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

**Coca-Cola**

# Er Breiðholt skapað af Breiðhylltingum

... eftir Nochole Leigh Mosty formann hverfisráðs Breiðholts

Þegar við hugsum um lýðræði kemur oftast í huga okkar kosningar, meirihluti ræður og réttur til að tjá skoðanir. Hvað með hlutverk hvers og eins í að skapa lýðræðislegt samfélag? Getum við ekki gert meira en að mæta á kjörstaðinn þegar hann er kominn í okkar hverfi? Er nóg að sitja bara og gagnrýna meirihluta í kjörstjórn með þann tilgang að „halda meiri hlutanum á tálum.“ Er hægt að krefjast þess að hlutir verða gerðir án þess að taka sjálf þátt? Svo þarf líka að velja fyrir sér hvaða tækifæri bjóðast okkur til að taka þátt fyrir alvöru til að skapa lýðræðislegt samfélag? Án þess að við vitum af því, erum við að skapa lýðræðislegt samfélag í hvert skipti sem við gerum eitthvað sem hefur áhrif á hverfið okkar. Segjum svo að okkar áform séu eingöngu tengd okkar eigin hagsmunum, við gerum allt til þess að bæta elsku besta Breiðholt okkar og það styrkir lýðræðislegan vettvang. Við mætum einnig binda vonir við þá hugmynd að ef við myndum gera eitthvað þá færi keðjuverkun af stað og fleiri íbúar myndu virkjust.

Ég vil beina athygli ykkar að tengslum á milli lýðræðis og fyrirbæris sem heitir sjálfbærni. Sjálfbærni er hægt að lýsa sem heild af fólki sem vilji bæta líf þeirra og annarra í kringum þá, bæði umhverfislega og samfélagslega. John F. Kennedy (afsakið mig, en nú munu rætur mínar skína í gegn...) sagði „Ask not what your country can do for you, ask what you can do for your country.“ Ég segi það sama hér kærur Breiðhylltingar, hvað viljið þið gera fyrir Breiðholtið? Ég veit að þið viljið að mikili sé gert, ég sé það á Facebook og heyrir það þegar við hittumst á götum hér í hverfinu. En hvað eru þið reiðubúin að leggja að mörkum?

## Styrkir úr hverfissjóði

Núna er auglýstir styrkir úr hverfissjóði sem við munum afgreiða í hverfisráði. Ég hef miklar væntingar um mikið umsóknafloð þar sem ég hef bæði heyrt og séð alls konar hugmyndir fljúga um hverfið. Tilgangur hverfissjóðsins er styðja við verkefni sem stuðla að bættu mannlífi og eflingu félagsauðs, fegurri ásýnd borgarhverfa, auknu öryggi, og samstarfi íbúa, félagsamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir. Fyrir tveimur árum sótti ég um styrk úr hverfissjóði til þess að koma af stað íslenskunámskeiði fyrir foreldra af erlendum uppruna.



Nichole Leigh Mosty formaður hverfisráðs á vettvangi framkvæmda í Breiðholti.

Námskeiðið er enn í fullum gangi og nokkrir af þessum flottu foreldrum eru nú farin að vinna og notast eingöngu við íslensku í þeirra starfi. Vegna þessa verkefnis fékk ég sjálf fleiri tækifæri til þess að prófa mig áfram með Breiðholt og samfélagið sem heild. Ef ég hefði ekki þorað að láta á reyna og hefði ekki sótt um styrk hjá hverfissjóði, efast ég um að ég væri að skrifa þessa grein í dag.

## Breiðholts festival

Nú þegar erum við með fullt af flottu sjálfbæru fólki í hverfinu sem err tilbúið að leggja eitthvað á sig í þeim tilgangi að bæta Breiðholt. Bedroom Communities plötuútgáfan fékk fyrsta styrkinn sem hverfisráð úthlutaði á árinu. Meg Horan, Valgeir Sigurðsson og Sigríður Sunna Reynisdóttir vilja vekja athygli á þeim fjölmörgu listamönnum sem koma úr Breiðholti og kynna þá listsköpun sem fer fram í hverfinu með því að halda „Breiðholts Festival“. Hátiðin verður haldin í fyrsta skipti í sumar í Seljahverfi, en við skulum ræða það betur þegar nær dregur!

Fleiri einstaklingar hafa einnig lagt sitt að mörkum til þess að skapa betra Breiðholt. Hafdis Jónsdóttir og Björk Þorgeirsdóttir hafa lagt mikla orka í mótun Breiðholtsmarkaðs og hafa haldið hann í nokkur skipti. Í Seljahverfi hafa safnast saman einstaklingar sem starfrækja borgarbylí eða sjálfbæra matarræktun Seljagarði. Aðalheiður Hannesdóttir vinnur að því að setja saman fámenna hópa sem eiga það sameiginlegt að hafa áhuga að halda hverfinu okkar

snyrtilegu. Foreldrafélög grunnskóla í Breiðholti eru að koma af stað samstarfsverkefni um foreldrarölt sem mun efla öryggis- og eftirlitsvitund barna okkar og unglunga í garð náungans og umhverfisins almennt. Hér eru bara nokkur dæmi sem hægt er nefna en ég veit að til eru fleiri öflugir einstaklingar sem eru að gera góðu hluti. Ég vil samt hvetja fleiri til að koma hlutum af stað. Ég vil einnig yta á fólk að leita eftir stuðningi og aðstoð frá okkur í hverfisráði til þess að móta Breiðholt eftir ykkar hugmyndum. Við viljum styðja við sjálfbærni og bæta hverfið okkar.

Með auknu samstarfi íbúa í hverfinu um þróun nærsamfélags hrindir það af stað lýðræðislegri byltingu. Raddir okkar munu heyrast hærra ef við virkjum hverfið og íbúa þess í stað þess að sitja með heiminn á herðum sér og kvarta og mótmæla.

## Dagur kynnr hverfisskipulag

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kemur til okkur í apríllok og þá mun hann kynna fyrir okkur hverfisskipulag og standa að hverfisfundi með okkur. Þá skulum við taka vel á móti honum og kynna fyrir honum hugmyndir okkar um hvernig við viljum hafa hverfið og hvert við stefnum sem sjálfbært Breiðholt. Endilega notfærið ykkur það tækifæri til þess að efla lýðræðilegt samfélag með því að taka virkan þátt í að bæta og breyta hverfinu okkar. Beitið röddunum ykkar og skapið ykkar Breiðholt. Sækið um styrk með teikningum Fanneyjar Sizemore og tónlist Michaels Jóns Clarke.

# Lítil saga í Fella- og Hólakirkju

Frumflutningur á orgeltónlistarævintýrinu „Lítil saga úr orgelhúsi“ verður í Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 22. apríl. Tónlistarævintýrinu er m.a. ætlað að kynna kirkjuorgelið fyrir börnum og höfðar það einkum til barna á aldrinum 4 – 9 ára. Tónleikarnir eru haldnir í tengslum við Barnamenningarhátið í Reykjavík.

Hugmyndina að verkinu á Guðný Einarsdóttir orgelleikari. Guðný segir að einhverju sinni hafi hún fengið börn í heimsókn í kirkjuna sína sem fengu að skoða orgelið og fékk hún þá hugmynd um að búa til persónur úr pípunum orgelsins. Viðbrögð barnanna voru góð þannig að hún ákvað að búa til sögu um pípunar og leita síðan að tónskáldi til að semja tónlist í kringum hana. „Ég fór á orgeltónleika í Hallgrímskirkju þar sem vinkona mín Lára Bryndís Eggertsdóttir var að frumflytja nýja tónlist efir sjó

íslensk tónskáld. Verk Michaels Jóns Clarke var m.a. eitt af þeim verkum sem vakti áhuga minn, en mér fannst verk hans um Nóaflóðið mjög myndrænt og mér datt í hug að hans stíll myndi geta fangað barnshjörtun. Ég hafði samband við hann, sendi söguna sem ég hafði skrifað og eftir það fór boltinn að rúlla.“ Sagan gerist í orgelhúsinu þar sem pípunar búa og eru þær mjög mismunandi af stærð, útliti og hljómi. Það gengur á ýmsu, það verða leiðindi og pípunar fara að metast um mikilvægi sitt. Þetta veldur Oktavíu orgelleikara miklum vandræðum, ekki síst þegar ein söguhetjan ákveður að fara burt úr orgelhúsinu. Guðný Einarsdóttir og Bergþór Pálsson flytja „Lítil saga úr orgelhúsi“ miðvikudaginn 22. apríl kl. 18 í Fella- og Hólakirkju með teikningum Fanneyjar Sizemore og tónlist Michaels Jóns Clarke.



Sigurvegarar árið 2015, á myndina vantar Helga Björn Agnarsson. Veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin. Meistarakokkar skólans, sigurliðið var skipað þeim; Jakobi Þór Gíslasyni, Gunnari Rafni Jónssyni og Helga Birni Agnarssyni, nemendur í 9. bekk.

# Matreiðslukeppnin í Hólabrekkuskóla

Matreiðslukeppni Hólabrekkuskóla fyrir 8., 9. og 10. bekk var haldin 12. mars 2015.

Sjö lið tóku þátt og voru tveir til þrjú nemendur í hverju liði. Liðin áttu að elda lambahryggvöðva (file) og eftirréturinn var súkkulaðieftirréttur (desert).

Dómarar voru: Iðunn Kröyer, matreiðslumeistari, Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, fulltrúi foreldrafélagsins og Einar Óli Guðnason, nemi í MK og kokkur

hjá Grillmarkaðinum.

Vinningshafar fengu bíomiða, bók og gjafabréf á Sjávargrillið. Keppnin var að öllu leyti störglæsileg og leikur enginn vafi á því að þar eru margir framfarameistarakokkar á ferðinni. Sigurliðinu var boðið út að borða á Sjávargrillið sem jafnframt var styrktaraðili keppinnar ásamt Kjötbankanum, Bönunum ehf, Sambíóum, Hólabrekkuskóla og sælætisgerðinni Freyju.

# Miðbergsfólk í Varsjá



Í Varsjá.

Starfsmenn frístunda-miðstöðvarinnar Miðbergs fóru í vettvangsferð til Varsjá í Póllandi dagana 28. mars til 1. apríl til þess að skoða tómstunda og menningastarfsemi í Póllandi.

Fengu starfsmenn frábæra upplifun í Varsjá, lærðu margt nýtt og kynntust menningu Póllands betur. Frábær reynsla inni starfsmannahóp frístundastarfs í Breiðholti sem mun án efa skila vel af sér í starfi.

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS APÓTEK  
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

# Mikil sala í Breiðholti

við viljum vinna fyrir þig



Hafðu samband og fáðu vandað

**Frítt**  
verðmat

# 510 7900

Fastlind.is

**LIND**

FASTEIGNASALA

*Uppspretta ánægjulegra viðskipta*

## Leiknir vann sinn riðil í Lengjubikarnum



Leiknismenn æfa nú og undirbúa sig að krafti fyrir komandi átök í Pepsi deildinni. Frá því í febrúar hefur Lengjubikarinn verið í gangi en nú er riðlakeppni lokið.

Leiknismenn léku í riðli með KR, Víking, Fjölni, Gróttu, Selfoss, Fram og KA. Okkar

stákar gerðu sér lítið fyrir og unnu riðilinn. Liðið vann 5 leiki, tapaði einum og gerði eitt jafntefli.

Flott hjá strákunum okkar sem eru staddir úti á Spáni í æfingiferð og geta því ekki verið með í úrslitakeppni Lengjubikarsins.

## Tryggðu þér árskort á heimaleiki Leiknis

Leiknismenn leika í fyrsta skipti í ár í efstu deild karla og mikil tilhlökkun er hjá félaginu og Breiðhyllingum fyrir komandi keppnistímabili. Sem fyrr verða árskort seld á heimaleiki liðsins.

Miðaverð á leiki Leiknis í sumar verður 1500 kr en nú geta stuðningsmenn Leiknis tryggt sér heimaleikjakort sem gildir á alla heimaleiki Leiknis fyrir 11.000 kr en heimaleikir liðsins verða 11 talsins. Hægt er að tryggja

sér árskort í Leiknishúsinu á skrifstofu framkvæmdastjóra milli kl. 12.00 – 20.00 alla virka daga. Fyrsti leikur Leiknis í Pepsi deildinni er gegn Val á Hlíðarenda 3. maí. Annar leikur Leiknis en jafnframt fyrsti heimaleikur er gegn ÍA mánudaginn 11.maí kl. 19.15 á Leiknisvelli.

Hvetjum alla Breiðhyllinga til að fjölmenna á völinn í sumar og gera leikdaga í Breiðholtinu frábæra og eftirminnlega fyrir alla. Áfram Leiknir.

## Stuðningsmannatreyja Leiknis fæst í Leiksport

Langar þig í fyrstu Pepsi deildar treyju Leiknis? Svo sannarlega því senn líður að fyrsta leik Leiknismanna í Pepsi deildinni. Stuðningsmenn liðsins eru þessa stundina að vinna í því að panta stuðningsmannatreyjur því markmiðið er að glæða stúkuna litunum rauðu og bláu.

Nú er um að gera að tryggja sér nýju treyjuna og vera vel merktur í stúkunni en um er að

ræða nýjustu treyjuna sem liðið mun klæðast í Pepsi deildinni í sumar. Þá getur þú skundað til Braga í Leiksport Hólagarði og náð þér í eintak á sérstöku stuðningsmannaverði. Treyjan kostar 7000 krónur en 8000 krónur með nafni og númeri á bakinu. Síðasti séns er að panta og greiða hjá Braga fyrir klukkan 12:00 föstudaginn 17. apríl.

Styðjum félagið okkar!  
Áfram Leiknir!

[www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)

★ [www.tattoo.is](http://www.tattoo.is) ★

CLASSIC TATTOO  
REYKJAVÍK  
Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga  
tattoo@tattoo.is

Arnarbakki 2

Graenir  
SKÁTAR  
– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:  
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla

Getraunarnr. 111

[www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Stuðningsmannakvöld Leiknis 30. apríl

Leiknir Reykjavík mun í fyrsta skipti í sögu félagsins leika í efstu deild í sumar. Liðið hefur leikið vel á undirbúningstímabilinu og strákarnir æft af krafti í vetur.

Fimmtudagskvöldið 30.apríl er kvöld sem allir stuðningsmenn Leiknis og Breiðhyllingar ættu að taka frá því þá verður stuðningsmannakvöld Leiknis haldið.

Góð dagskrá verður þetta kvöld sem hefst kl. 20.00 í Leiknishúsinu. Meðal annars verða leikmenn kynntir til sögunnar og þjálfarar sitja fyrir svörum. Léttar veitingar verða á staðnum og mikil skemmtun fram eftir kvöldi. Frábært tækifæri fyrir stuðningsmenn að stilla saman strengi fyrir sumaríð. Stuðningur Leiknisfólks er gríðarlega mikilvægur í því frábæra verkefni sem stuðningsmenn og liðið eru að fara saman í. Fylgist vel með á [www.leiknir.com](http://www.leiknir.com) og sjáumst hress 30. apríl í Leiknishúsinu.



## Charley Fomen og Elvar Páll í Leikni

Leiknismenn hafa styrkt lið sitt fyrir komandi átök í Pepsi deildinni. Liðið hefur fengið til liðs við sig tvo sterka leikmenn. Elvar Páll Sigurðsson kom til liðsins á dögnum frá Breiðabliki.

Elvar er uppalinn Bliki og lék 15 leiki með liðinu í Pepsi deild síðasta sumar. Hann getur leiki allar stöður framarlega á völinum og er góð viðbót við skæða



Elvar Páll og Freyr Alexanderson.

sóknarlínu Leiknis. Charley Fomen kemur inn í lið Leiknis. Charley er vinstri bakvörður og hefur leikið í Frakklandi undanfarin ár. Hann lék þá með stórliði Marseille auk þess sem hann spilaði með Clermont Foot og Dijon. Hann á að baki 17 leiki og eitt mark fyrir U20 ára landslið Kamerún.

Þjóðum þessa leikmenn velkomna til Leiknisfjölskyldunnar.

EVERYDAY

**NOKIAN**  
JALKINEET

Sumargjöfin í ár!



STÍGVÉLABÚÐIN

**NOKIAN**

F O O T W E A R

Álfabakka 14a í Mjódd • 109 Reykjavík • Sími: 527 1519

# Ætlar þú að hlaupa í 100. Víðvangshlaupi ÍR?

Á sumardaginn fyrsta fer 100. Víðvangshlaup ÍR fram í miðbæ Reykjavíkur og gefst þá einstakt tækifæri til þess að spretta úr spori á nýrri og spennandi hlaupaleið sem hæfir ungum sem öldnum, skemmtiskokkurum sem og keppnishlaupurum. Í tilefni þessa stórviðburðar ætla ÍR-ingar að blása til stórhátíðar en engin önnur íþróttakeppni hefur farið fram samfellt í svo langan tíma hér á landi.

Skipuleggjendur búast við að hátt í 1500 manns muni spretta úr spori niður Laugarveginn við rífangi stemmingu tónlistar og hvatningar. Ætlunin er að endurvekja stemminguna sem var í árdaga þegar bæjarbúar flykkust í miðbæinn til þess að berja augum hetjurnar sem hlupu. Allir forskráðir krakkar undir 15 ára fá frítt í hlaupið í boði Lindex og því tilvalið að virkja alla fjölskyldumeðlimi til leiks.

Hlaupaleiðin er 5 km löng og liggur um hjarta borgarinnar. Dagskráin hefst með upphitun þátttakenda í Tryggvagötunni við hressandi tónlist kl. 11:30. Hlaupið er ræst kl. 12:00 í Tryggvagötunni og m.a. hlaupið upp Hverfisgötuna, niður Laugarveginn og umhverfis Tjörnina áleiðis í mark við Arnarhól. Allir hlauparar fá Powerade drykk þegar er komið en hlaupið er hluti af Powerade sumarmótaráðinni Auk þess fá allir verðlaunapening.

Við Arnarhól verður þátttakendum og starfsmönnum boðið til grillveislu þar sem meðal annars verður boðið upp á kók í gleri frá Vífilfelli en kók í gleri fagnar 100 ára afmæli í ár. Fjöldi útdráttarverðlauna og mikil stemning og stuð í bænum sem Landsbankinn hefur veg og yanda að. Upplagt er að enda daginn á sundferð, en ÍTR býður



Myndin er frá Víðvangshlaupi ÍR 1982. Það er Þórir Lárússon þáverandi formaður ÍR afhendir verðlaun í Víðvangshlaupinu með Guðmundi Þórarinssyni þjálfara sem stóð að framkvæmd hlaupsins í áratugi. Myndin er tekin í gamla ÍR húsinu við Túngötu.

öllum þátttakendum í sund að loknu hlaupi.

ÍR-ingar hvetja fjölskyldur til að taka sig saman og fjölmenna í þennan einstaka viðburð sem ekki hefur fallið niður í 100 ár. Víðvangshlaup ÍR er í senn viðburður sem hæfir öllum sem vilja gera sér dagamun og taka þátt í afmælishátíðinni. Fyrir keppnishlaupara er hlaupið jafnframt Íslandsmeistaramót í 5 km götuhlaupi. Allar nánari upplýsingar um skráningu og dagskrá er að finna á heimasíðu hlaupsins og á Facebook síðu hlaupsins.

## Bikarmeistarar ÍR-buff í keilu

ÍR-ingar hafa verið að gera það mjög gott í stærstu mótum Keilusambands Íslands á undanförunum vikum. Bikarkeppni KLÍ fór fram fyrir skemmstu og í kvennaflokki sigraði lið ÍR – Buff og í karlaflokki sigraði lið KR – A lið ÍR – KLS.

Þetta er fyrsti bikartitill ÍR – Buff kvenna en KR vann síðast bikarinn karla megin árið 2003. ÍR – KLS hefur sigrað bikarkeppnina síðastliðin 5 ár og alls 10 sinnum frá árinu 1991.

Um síðustu helgi urðu svo lið ÍR deildarmeistarar í efstu deild bæði í karla og kvennaflokki. Frábær árangur hjá ÍR-ingum í keilunni sem fögnuðu 20 ára afmæli keiludeildar ÍR í vetur.



ÍR-ingar bikar- og deildarmeistarar í keilu.

## ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

## Enskar fótoltavörur

## Leikföng í úrvali

# Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: ir@ir.is  
Heimasíða: ir.is

## ÍR-ingar í undanúrslit í Olísdeild karla í handbolta



Lið ÍR er komið í undanúrslit fjögurra bestu liða Íslands í Olísdeildinni í handbolta karla.

Liðið sigraði í tveimur leikjum af þremur gegn Akureyringum og leikur í undanúrslitunum gegn liði Aftureldingar. Fyrsti leikur einvígisins verður í Mosfellsbæ fimmtudagskvöldið 16. apríl kl. 19:30. Annar leikurinn fer svo fram í Austurbergi laugardaginn 18. apríl kl. 16:00. Breiðhyltingar og allir ÍR-ingar eru hvattir til að fjölmenna á leikna og styðja frábært lið Breiðhyltinga eins og ÍR-ingum er einum lagið.

## Hlynur og Kári Steinn að gera góða hluti

Hlynur Andrésen ÍR hljóp 10000 m á 29:38,42 mín á Raleigh Relays í Bandaríkjunum þann 27. mars. Þetta er lágmark á Evrópu-meistaramót 22 ára og yngri sem fram fer í Tallinn í sumar og sýnir það styrk Hlyns ótvírætt hversu snemma í árinu hann nær þessum árangri sem gefur 986 IAAF árangursstig.

Hlynur varð í 13. sæti í mark en hlaupið vannst á 29:20 mín. Samkvæmt afrekaskrá FRÍ er þetta annar besti árangur Íslendinga frá upphafi en aðeins Kári Steinn Karlsson ÍR hefur hlaupið hraðar á braut 29:28,05 mín en það var í apríl árið 2008 en það hlaup fór

fram í Stanford Kaliforníu í Bandaríkjunum. Stórhlauparinn Kári Steinn Karlsson, bætti í morgun eigið Íslandsmet í hálfu maraþoni í Berlínar hálfmaraþoninu. Tími Kára Steins var 1 klst, 4 mínútur og 55 sekúndur en hann hafði einsett sér að hlaupa undir 1 klst og 5 mínútum. Tíminn er bæting um 18 sekúndur síðan í fyrra. Þorbergur Ingi Jónsson keppti einnig í hlaupinu og bætti sinn besta tíma um 4 sekúndur en hann hljóp á 1:07,53 klst. Það er greinilegur uppgangur í lengri hlaupunum og verður spennandi að fylgjast með þeim félögum á næstu mánuðum.



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

### Opunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.

12:00 til 15:00

Fimmtudaga

12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga

13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga

13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags

10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

Breiðholt

# Kæri íbúi í Breiðholti



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar — Borgartún 12–14, 105 Reykjavík — 4 11 11 11 — hverfisskipulag.is

## Hvernig vilt þú hafa Breiðholtið? *Nýtt hverfisskipulag*

Hverfisskipulag er ný áætlun fyrir öll hverfi Reykjavíkur, sem sýnir hvar styrkleikar þeirra liggja. Því er ætlað að auðvelda skipulag, áætlanagerð og hvetja fólk til að hafa aukin áhrif á sitt hverfi.

Á næstu dögum verður kynningarbæklingi dreift í hús þar sem ferlið framundan er kynnt. Þá verður haldinn opinn íbúafundur með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

### Íbúafundur borgarstjóra:

22. apríl kl. 20.00 í Fellaskóla

### Viðvera verkefnastjóra hverfisskipulags:

22. apríl kl. 16.00–18.00 í Hólagarði

24. apríl kl. 16.00–18.00 í göngugötunni Mjódd

**Taktu þátt í að móta framtíð Reykjavíkur með okkur.**

Hverfisskipulag  
Reykjavíkurborgar